



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir gististað; hótél (Reykjavík Residence) að Vatnsstíg 2, F2004775, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Reykjavík Residence Hótél ehf.

Heimilisfang: Hagasmári 3

Póstnúmer: 201

Kennitala: 530906-0940

Útgáfudagur leyfis: 28. ágúst 2025

Gildir til: 28. ágúst 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 28. ágúst 2025





## **Greinargerð með starfsleyfi fyrir hótél Reykjavík Residence að Vatnsstíg 2.**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund hótél, Reykjavík Residence að Vatnsstíg 2, þann 24. júlí sl. ásamt eftirtöldum gögnum: Drögum að starfsleyfi, Umsókn um starfsleyfi, Rekstrarleyfisumsókn sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, Vottorði um öryggisúttekt byggingarfulltrúa, Jákvæðri staðfestingu byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðar séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag og Starfsleyfisiskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði í Reykjavík.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 22. ágúst 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Reykjavík Residence Hótel ehf., kt. 530906-0940.

## **Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar hótels að Vatnsstíg 2.**

Umsókn Reykjavík Residence Hótel ehf., kt. 530906-0940, dags. 9. júlí 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1855. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 28. ágúst 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; hótél (Reykjavík Residence) að Vatnsstíg 2, F2004775, rými 010101. Breyting á starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisiskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.*

Reykjavík, 3. september 2025